

**Ed.**

**404. Breytingartillögur**

[104. mál]

við frv. til 1. um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í tvo þætti.
2. Við 3. gr. Síðari málsgr. orðist svo:  
Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra að fengnum tillögum hans, og skal hann fullnægja sömu menntunarskilyrðum og landgræðslustjóri. Heimilt er að fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála undir yfirstjórn landgræðslustjóra samkv. 2. gr.
3. Við 8. gr. Í 1. málsgr. komi inn á eftir orðinu „uppblásturssvæði“: eða vangróið land.
4. Við 40. gr. Fyrir „sandgræðslu“ í lok greinarinnar komi: landgræðslu.